

Sp.

338. Tillaga til þingsályktunar

[130. mál]

um radiovita á Arnarnesi við Skutulsfjörð og aukningu og endurbyggingu ljósvita þar.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Finnur Jónsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að reistur verði hið fyrsta radioviti á Arnarnesi við Skutulsfjörð, og jafnframt verði ljósviti sá, sem nú er á þessum stað, aukinn og endurbyggður.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, þá er Ísafjarðarkaupstaður við Skutulsfjörð einn af stærstu útgerðar- og verzlunarstöðum landsins, en hins vegar er hann þannig í sveit settur, að nær allar samgöngur við hann eru annaðhvort á sjó eða í lofti. Af þessu leiðir, að allt ber að gera til þess að tryggja sem bezt öruggar siglingar skipa og ferðir flugvéla til og frá staðnum.

Á Arnarnesi austanvert við Skutulsfjörð er ljósviti, sem byggður var 1915 og síðan endurbyggður 1921 og hefur e. t. v. þótt góður á sinni tíð, en nú finnst sjómönnum ljósmagn hans vera orðið allt of lítið, enda hafa siglingar í skammdeginu aukizt mjög á þessum slóðum frá 1921. Þess ber og að gæta, að Arnarnesvitinn er ekki aðeins innsiglingarviti á Skutulsfjörð, heldur leiðarviti fyrir siglingu inn á Djúpið, og er því nauðsynlegt, að hann sjáist vel langt að, en því fer mjög fjarri, að hann geri það nú. Eru þess jafnvel dæmi, að ljósin á bæjunum í Arnardal hafi sézt á undan ljósi vitans.

Í dimmviðri eins og þoku og hrið getur ljósviti þó ekki orðið að gagni, og því er alveg nauðsynlegt með þeim miklu siglingum, sem nú eru á þessum slóðum, að reisa radiovita á Arnarnesi, en með legu sinni þar yrði hann ekki aðeins innsiglingarviti fyrir Ísafjörð, heldur og landtökuviti fyrir öll fiskiskip, stór og smá, sem stöðugt eru að veiðum djúpt undan norðanverðum Vestfjörðum og sérstaklega þurfa á slíkum vita að halda, þegar þau leita í var undan illviðrum. Fyrir flugsamgöngur við Ísafjörð ætti slíkur radioviti einnig að verða til ómetanlegs gagns.